

Nd. 574. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið þetta frumvarp, sem komið er óbreytt frá Ed.

Nefndarmenn eru sammála um, að rétt sé, með tilliti til hinnar brýnu þarfar á auknu hráefni til fiskvinnslu, sem fyrir hendi er í ýmsum sjávarplássum, einkum norðanlands, að veita takmarkaða og tímabundna heimild þess efnis, sem um getur í frumvarpinu.

Þó telur nefndin, að varhugavert sé að veita mjög rúma heimild í þessu efni og sérstaklega beri að varast allt það, sem geti gert erlendum togveiðiskipum auðveldara að sækja á íslensk fiskimið heldur en nú er.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

1. Á eftir „veiðiskipum“ komi: þó ekki afla botnvörpuskipa.
2. Í stað orðanna „eftir því sem hagkvæmt þykir“ komi: þar sem brýn þörf er á atvinnuaukningu.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Birgir Finsson,
form.

Jón Skaftason.

Pétur Sigurðsson,
fundaskr.

Sigfús J. Johnsen.
Lúðvík Jósefsson.

Hjörtur E. Þórarinnsson,
frsm.

Sverrir Júlíusson.